

Bekkjarnámskrá 7. bekkjar 2010 - 2011.

Námskráin á að gefa hugmynd um hvernig sérstaða skólans er tengd inn í einstakar greinar og starfið í heild. Bakgrunnur skólamarkmiða sem hér koma fram eru áfanga- og þrepamarkmið Aðalnámskrá grunnskóla.

5.-7. bekkur er einn umsjónarhópur og er í samkenndu í íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, sundi, tónmennt og hluta af ensku og náttúrufræði. 6. og 7. bekkur saman í öllum greinum og mynda einn kennduhóp þegar umsjónarhópnum er skipt upp s.s í list- og verkgreinum.

Umsjónarkennari er Bolette Höeg Koch.

Íslenska

Kennari: Kjartan Halldór Ágústsson

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

Bókmenntir

- hraðlesi tvær til þrjár unglingsbækur, þýddar eða frumsamdar, og geri grein fyrir efni þeirra munnlega eða skriflega
- lesi og ræði um mismunandi lausamálstexta, smásögur, þjóðsögur, goðsögur og ævintýri
- læri utanbókar nokkrar vísur og ljóð og fjalli um mismunandi ljóðagerð
- átti sig á hugtökunum tími og umhverfi og aðal- og aukapersónur í umfjöllun um skáldsögur
- þekki hugtökin rím, stuðlar, braglína, persónugerving og líking og geti notað þau í umfjöllun um bókmenntir
- taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta

Málfræði

- geti fundið föll fallorða, tölu og kyn og hafi kynnst hugtökunum fallstjórn og sambeyging
 - geti greint sagnorð og helstu fallorð, þ.e. nafnorð, lýsingarorð og fornöfn, í flokka af nokkru öryggi
 - geti fundið stofn orða og nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu og orðmyndun
 - þjálfist í að fallbeygja mannanöfn og fræðist um íslenska nafnsiði
 - átti sig á hvernig orð skiptast í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
 - þekki nútíð og þátíð sagnorða og átti sig á mun reglulegrar beygingar og óreglulegrar
 - þekki mun einhljóða og tvíhljóða og átti sig á hvernig hann birtist, t.d. í mun á framburði og stafsetningu
 - þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein og geti sett viðeigandi greinarmerki rétt við ritun eigin texta
 - kannist við hugtökin forskeyti og viðskeyti og átti sig á hlutverki þeirra við orðmyndun
 - fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, spuna, orðaleikjum og nýyrðasmíð
 - geti nýtt sér orðabækur, handbækur og málfræðiforrit og nýti sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, t.d. um kyn orða og beygingu
- Ritun

- nái valdi á helstu atriðum stafsetningar
- þjálfist í að nota stafsetningarorðabók við ritun
- geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar
- þrói persónulega rithönd í ritunarverkefnum
- þjálfist í að nota tölvur við frágang ritunarverkefna
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta, bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum
- þjálfist í að beita mismunandi stíl í rituðu máli með tilliti til viðtakanda og efnis
- geti lýst munnlega eða skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi
- Talað mál & framsögn
- taki þátt í leikrænni tjáningu, t.d. spunaæfingum, leiklestri eða söngatriði
- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum
- geti flutt laust og bundið mál upphátt með viðeigandi áherslum og túlkun
- geti sagt skipulega frá eigin reynslu og upplifun, t.d. eftir leiksýningar, kvikmyndir eða lestur bóka
- geti tjáð sig frjállega frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, t.d. við kynningu á hópverkefnum
- geti lýst munnlega ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi
- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða

Námsmarkmið skólans

Hluti íslenskunámsins fer fram í kór, þar sem textar eru æfðir í framburði, ljóð lærð og sungin. Árshátíð, dagur íslenskrar tungu og aðventukvöld eru lokapunktur ákveðinna verkefna í íslensku, s.s. upplestri, framsögn og ritun. Sérstök áhersla er á framsögn og upplestur hjá þessum hópi og hópurnir tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Munnleg og skrifleg tjáning er mikið notuð til að meta árangur af útikennslu í skóginum. Námsleikir í íslensku fara oft fram í útikennslu. Þá er byggt á þjálfun atriða sem hafa verið lögð inn eða upprifjun á kunnáttu, t.d. orðflokka, fullyrðingar. Nemendur sækja bókasafn vikulega og hafa þar aðgang að fjölbreyttum bókmenntum.

Námsgögn: Vandamálið –Minnsta málið -verkefnabók, Grænkápa, skáldsögur, Ljóðspor og ýmsar ljóðabækur, efni á vef, geisladiskar, myndbönd, Orðabækur, Skrift 5.

Kennsluáðferðir

Bein kennsla, heildstæð verkefni - Reynt verður að hafa þessi verkefni fjölbreytt og að þau reyni á sem flesta þætti íslenskunnar. Heimildavinna, hlustunarefni, hópverkefni, námsleikir- ýmsir námsleikir s.s. á tölvu verða notaðir, einnig krossgátur og fleira til að gæða námsefnið lífi. Umræður - Áhersla er lögð á umræður í tímum. Þannig að nemendur tjá sig munnlega og þjálfast í að taka tillit til annarra og skoðana þeirra. Vinnubókarkennsla - Nemendur vinna í vinnubók Minnsta málið. Ýmist er farið sameiginlega yfir í tímum eða kennari tekur bækurnar.

Námsmat

Samræmd könnunarpróf. Mat á frammistöðu í tímum
Vinnubók - Vinna og vinnubrögð metin.

Ritgerð - Ritun verður metin með stuttum ritgerðum og smáum ritsmíðum.

Kannanir - Stuttar kannanir lagðar fyrir til að athuga stöðu nemenda að loknum tilteknum námsþáttum.

Skriflegt próf - Yfirlitspróf

Stærðfræði

Kennari: Bolette Höeg Koch

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

Stærðfræði

Hlutföll og prósentur

- breyti mataruppskrift t.d. fyrir 6 í uppskrift fyrir 20
- finni hluta af heilum tölum, t.d. $\frac{2}{5}$ hluta af 20
- teikni uppdrátt í réttum hlutföllum, t.d. 1:10 eða 1:100
- reikni brot og prósentur af heilum stærðum, t.d. afslátt eða vexti, og grípi til vasareiknis ef þörf er á

Lausnir verkefna og þrauta

- temji sér að spyrja spurninga um verkefni í því skyni að öðlast betri skilning á því
- setja þau á svið eða teikna myndir
- reyna við einfaldara skylt verkefni
- glími í samvinnu við aðra við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis og hugkvæmni
- leita að mynstri eða reglu

Mynstur og algebra

- dragi saman almenna reglu út frá athugunum á röð af dæmum
- haldi áfram með og lýsi fremur flóknum reglum til að velja tölur, t.d. rununa 1, 1, 2, 3, 5, 8, 13 ...

Reikniaðferðir, reiknikunnátta og mat

- þjálfist í að setja upp dæmi og velja aðgerðir
- margfaldi fjögurra stafa tölu með allt að tveimur aukastöfum með eins stafs tölu
- deili með eins stafs tölu í fjögurra stafa tölu með allt að tveimur aukastöfum
- reikni með einföldum neikvæðum tölum í eðlilegu samhengi, t.d. hitastigsbreytingar og fjarlægð yfir og undir sjávarmáli
- margfaldi og deili í fjögurra stafa tölur með tveggja stafa tölum í reiknivél og áætli svarið með námundun
- kynnist forgangsröð aðgerða
- námundi hvaða tölu sem er að næsta tug eða hundraði eftir því sem við á og noti til að áætla svar í samlagningu og frádrætti

Rúmfræði

- kynnist tengslum milli rúmmáls mælds í cm^3 og millilítrum og dm^3 og lítrum í athugunarverkefnum
- mæli og teikni horn að næstu heilli gráðu
- ræði um hugtakið línu, að hún sé óendanlega löng og skurðpunkta hennar við aðrar línur og hvaða munur er á línu og striki
- teikni þríhyrninga með gefnum stærðum
- reikni ummál og flatarmál flatarmynda; kunnir og geti notað reglur um flatarmál rétthyrninga, þríhyrninga og ferninga; hafi unnið athugunarverkefni um ummál og flatarmál hrings

- athugi eiginleika marghyrninga, s.s. hornasummu og flatarmál, út frá þríhyrningum
- reikni rúmmál teninga, réttstrendinga og þrístrendinga og telji út yfirborð Rökssamhengi og röksemdafærslur
- flokki hugtök, s.s. ferhyrninga, rétthyrninga, samsíðunga, tígla og ferninga, í yfir- og undirflokkum
- ræði um sennilegar tilgátur og rökstuddar niðurstöður
- Stærðfræði og tungumál
- finni ferningsrót af lágum ferningstölum
- þjálfist í notkun sviga, t.d. með því að búa til dæmi um talnastæður með svigum á ólíkum stöðum
- vinni með algengar rómverskar tölur, s.s. í blaðsíðutölum og ártölum
- Tengsl stærðfræði við daglegt líf og önnur svið
- vinni með algengustu einingar metrakerfisins og reikni milli tímaeininga af öryggi
- setji stærðfræðileg hugtök í samband við hversdagslega hluti, t.d. túlki dæmið 2/0,5 þannig að spurt sé hve margar hálf lítra fernur þurfi til að fá tvo lítra af rjóma
- venjist því að áætla í staðaleiningum, s.s. metrum, grömmum og lítrum
- Tölfræði og líkindafræði
- kynnist því að endurtekin tilraun getur gefið ólíkar útkomur
- átti sig á að séu allir n mögulegir viðburðir taldir jafnlíklegir þá eru líkur á hverjum þeirra $1/n$ og að í mörgum tilvikum eru líkurnar ekki jafnar; t.d. eru líkur á að vinna handboltaleik ekki endilega $1/3$ (sigur, tap, jafntefli)
- átti sig á hvaða aðrir þættir geta haft áhrif á líkur á viðburðum
- Tölur
- ræði almennum brotum eftir stærð, sér í lagi einingarbrotum
- beri saman almenn brot og tugabrot
- breyti almennum broti í tugabrot, skoði á vasareikni óendanleg tugabrot eins og $2/3$, $5/6$, $3/11$, $5/37$, $32/37$ og ræði um hvað ræður lengd lotnanna sem koma fram í tugabrotsteygðunum
- rannsaki deilanleika með 9, skoði tengslin milli 3 sinnum töflunnar og 9 sinnum töflunnar og átti sig á hvers vegna 9 ganga upp í tölu ef níu ganga upp í þversummu hennar
- finni stærsta samdeili sem styttingartölu og ræði hvers vegna brot með sumum nefnurum styttest ekki með öðrum
- vinni með neikvæðar tölur
- vinni með afgang (leif) við deilingu

Námsmarkmið skólans

Kunni góð skil á náttúrulegum tölum • Kunni til hlítar reikningsaðgerðirnar fjórar og geti valið viðeigandi aðferðir við lausn verkefna • Geti lesið og skrifað tölur, skilið töluleg gögn og stærðfræðilegan texta • Kunni að nota sviga í stærðfræðilegum texta og þekkja forgangsröð reikniadgerða • Skilji prósentureikning og geti nýtt sér hann • Geti lesið úr myndrænni framsetningu gagna s.s. línu- og súlurit • Geti túlkað niðurstöður og sýnt í myndrænu formi s.s. með línu- og súluritum • Kunni og geti nýtt sér stærðfræðileg hugtök • Geti beitt skipulegum aðferðum við lausnir þrauta • Geti beitt einföldum röksemdarfærslum og úrskýrt lausnarleiðir • Geti skilið og þekkt nokkrar algengustu einingar metrakerfisins og breytt milli mælieininga, t.d. metrum í sentímetra • Geti

notfært sér námundun • Geti leyst ýmis verkefni varðandi hlutföll s.s. að stækka/minnka myndir og mataruppskriftir • Þekki ýmsar gerðir flatarmynda s.s. þríhyrning, ferhyrning, ferni

Námsgögn

Grunnbækur: Vinnubækur 3A og 3B, Stjörnubækur, Siglingar, Jöklar og Rökþrautir.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla- Farið er yfir atriði úr námsefninu, oftast fyrir allan bekkinn í einu.

Kennarinn útskýrir á meðan nemendur hlusta og taka ef til vill glósur.

Hópverkefni - Mikil áhersla er lögð á að nemendur ræði saman og finni sameiginlega lausn.

Kannanir - Kannanir eru lagðar fyrir nemendum í tímum til að fá vitneskju um hvað þurfi að fara betur ofan í

Rökþrautir- Nemendur glími við rökþrautir sem þjálfar þá í rökhugsun

Viðfangsefni tengd daglegu lífi - Nemendur eru látin glíma við verkefni sem á einn eða annan hátt tengjast þeirra hversdagsleika eða framtíð.

Yfirferð námsefnis - Farið er yfir verkefni í sameiningu sem nemendur hafa unnið

Þrautalausnir

Kennsla og verkefnavinna í vetur mun miðast við að tengd viðfangsefni verði tekin fyrir í mismunandi námsgreinum á svipuðum tíma. Leitast verður við að nota og tengja útisvæðið við skólann við kennsluna.

Námsmat

Samræmt próf - Samræmt próf prófa úr efni aðalnámsskrár og eru þar af leiðandi til að sjá hvort nemendur hafi á valdi sínu öll þau atriði sem þar er kveðið á um.

Skriflegt próf - Prófað er skriflega úr námsefninu

Kannanir. Mat á frammistöðu í tímum - Virkni, þátttaka og hegðun er metin eftir hverja kennslustund.

Símat 20%, verkefnaskil 30%, lokapróf 50%.

Enska

Kennari: Hildur Lilja Guðmundsdóttir

Námsmarkmið úr Aðalnámsskrá

Í lok vetrar er ætlast til að nemandi

Hlustun:

-skilji í megindráttum efni tengt daglegu lífi þegar talað er skýrt

-skilji í stórum dráttum aðgengilegt efni í myndmiðlum

-skilji algengustu orðasambönd og orðatiltæki í daglegu máli

-geti hlustað eftir nákvæmnisatriðum þegar þörf krefur

-skilji algengar upplýsingar, fyrirsmæli og leiðbeiningar tengdar daglegu lífi

Lestur:

-geti lesið einfaldar smásögur, skáldsögur, frásagnir og fræðsluefni ætlað börnum og unglingum

- skilji megininntak í aðgengilegum stuttum frásögnum dagblaða og tímarita með myndum til stuðnings
- getu fundið ákveðnar upplýsingar í styttri textum sem tengjast daglegu lífi, t.d. í auglýsingum og bæklingum
- skilji einfaldar leiðbeiningar, t.d. leiðarvísa
- kunni að nýta sér einföld orðasöfn
- Talað mál – samskipti
- geti tekið þátt í samtölum um daglegt líf og áhugasvið
- geti komið með uppástungur og komist að samkomulagi um einföld atriði, t.d. hvað á að gera og hvert á að fara
- geti tjáð sig og spurt um óskir, þarfir og líðan
- geti beðið viðmælendur sína um að endurtaka sig og umorða ef þarf
- geti bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum og á ferðalögum
- Talað mál – frásögn
- geti sagt á skýran hátt frá daglegu lífi síu og nánasta umhverfi
- geti sagt í aðalatriðum frá því sem hann hefur lesið eða heyrt
- geti lýst í meginráttum því sem hann hefur reynt og upplifað
- geti gefið einfaldar upplýsingar og leiðbeiningar
- Ritun
- geti skrifað nokkuð rétt samfelldan texta eftir fyrirmyndum eða fyrirmælum
- geti skrifað stuttan texta um kunnuglegt efni
- geti skrifað ýmiss konar textagerðir, t.d. póstkort, texta við myndasögur og tölvupóst
- geti samið stuttan texta, t.d. sögu eða ljóð
- geti notað algengustu tengiorð og greinarmerki

Námsgögn

Build up 2, Evrópska tungumálamappan, lesbækur, You and Me, Enn meiri enska með gátum og skráttum og ítarefni frá kennara. Einnig verða teknar fyrir Portfolio Topic bækurnar, t.d. Amazing Animals og Heroes, þegar 5. bekkur er með 6. og 7. bekk í tíma.

Kennsluáferðir

Bein kennsla, leikræn tjáning, námsleikir, hópverkefni, vinnublaðakennsla/verkefni, hlustunarefni, þrautalausnir, lesið-spurt-spjallað og ritun.

Námsmat

Verkefni sem hafa verið unnin metin, stuttar kannanir, munnlegar athuganir kennara jafnt og þétt, vinnubók (Build up 2), evrópska tungumálamappan (sjálfsmat).

Danska

Kennari: Bolette Höeg Koch.

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Hlustun

- skilji nákvæmlega stuttar setningar, t.d. lýsingar
- geti skilið aðalatriði í einföldum samtölum tveggja í þar til gerðum hlustunaræfingum

- geti skilið einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar, t.d. í tali kennara, sem varðar umgengni í skólastofu
- geti skilið þegar við hann er talað á skýru og einföldu máli um efni sem tengist daglegu lífi hans
- geti greint heiti og einstök orð, án þess að skilja nákvæmlega, þegar talað er á einföldu máli um viðfangsefnið

Lestur

- geti lesið stutta texta með algengum, gagnsæjum orðaforða um efni sem hann þekkir
- geti áttað sig á megininnihaldi í lengri texta sem skrifaður er á léttu máli og með orðaforða sem tengist efninu
- geti skilið til fullnustu stutta valda texta sem fjalla um efni sem hann þekkir
- geti lesið stuttan texta án þess að skilja hann til fullnustu í þeim tilgangi að finna í honum ákveðnar upplýsingar (leitarlestur)

Ritun

- geti skrifað stök orð, t.d. orðalista, setningar og örstutta texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við
- geti skrifað stuttar kveðjur eða póstkort

Talað mál - frásögn

- geti líkt eftir framburði á algengum orðum, orðasamböndum og stuttum setningum
- geti notað orð og orðasambönd, sem hann hefur lært, til að tjá sig um afmörkuð efni
- geti sagt í stuttu, einföldu máli frá efni sem fjallað hefur verið um

Talað mál - samskipti

- geti unnið samtalsæfingar út frá fyrirmyndum sem fengist hefur verið við
- geti heilsað, kynnt sig og þakkað fyrir sig og afsakað sig með viðeigandi orðalagi
- geti notað grunnorðaforða úr þekktum efnisflokkum, sem fengist hefur verið við, á eigin forsendum í nýju samhengi
- geti myndað og svarað einföldum spurningum út frá orðaforða sem tengist viðfangsefninu
- geti myndað einfaldar setningar, t.d. tjáð skoðanir sínar og tilfinningar með einföldu orðalagi

Námsmarkmið skólans

Geti skilið fyrirmæli og leiðbeiningar kennara • Tali óhikað • Geti lesið og skilið léttan texta án áherslu á beina þýðingu • Geti skrifað einfaldan texta frá eigin brjósti • Geti endursagt með eigin orðum út frá því námsefni sem unnið hefur verið með • Geti beitt; nútíð og þátíð algengustu sagna, algengum fornöfnum, nafnorðum, lýsingarorðum og greini • Noti efni úr skóginum • Taki tillit til samnemenda sinna og skoðanna þeirra

Kennsla og verkefnavinna í vetur mun miðast við að tengd viðfangsefni verði tekin fyrir í mismunandi námsgreinum á svipuðum tíma. Leitast verður við að nota og tengja útisvæðið við skólann við kennsluna.

Námsgögn

Laus blöð, léttlestrabækur, tónlist, spil og vefur frá Bolette

Kennsluáðferðir

Bein kennsla - farið er yfir atriði úr námsefninu, oftast fyrir allan bekkinn í einu.
Kennarinn útskýrir á meðan nemendur hlusta og taka ef til vill glósur.
Heildstæð verkefni - Sama efni er tekið fyrir í mörgum námsgreinum um leið og þannig kynnast nemendur viðfangsefninu frá mörgum mismunandi sjónarhornum.
Heimildarvinna - Nemendur leita sér heimilda í bókum og á netinu sem þeir nota við lausn verkefna.
Hlustunarefni - Spilað er fyrir nemendur af geisladisk, talað mál og söngva sem eru liðir í að efla skilning, framburð og orðaforða.
Hópverkefni - Mikil áhersla er lögð á að nemendur ræði saman og finni sameiginlega lausn.
Námsleikir - Leikir eru leiknir sem efla skilning nemenda og orðaforða.
Ritun - Skrifaður er texti. Þar með er orðaforði notaður og nemendur æfa sig í réttitun og setningaskipan.
Samræðuaðferðir - Nemendur æfi sig í samræðum við samnemendur og kennara á dönsku.
Spil - Nemendur spila spil til að auka orðaforða og nota hugtök sem þeir hafa lært
Umræður - Umræður í bekknum um viðfangsefnið hverju sinni þar sem kennarinn ásamt nemendum taka virkan þátt.
Utanbókarnám - Nemendur læri utanbókar danskar sagnir
Viðfangsefni tengd daglegu lífi - Nemendur eru látnir glíma við verkefni sem á einn eða annan hátt tengjast þeirra hversdagsleika eða framtíð.
Viðtöl - Nemendur taki viðtöl við samnemendur sína og safni þannig gögnum.

Námsmat

Skriflegt próf - Prófað er skriflega úr námsefninu
Vinnubók - Nemendur taka saman öll verkefni í vinnubók sem síðan er metin með tilliti til innihalds og snyrtimennsku.
Kannanir, Mat á frammistöðu í tímum - Virkni, þátttaka og hegðun er metin eftir hverja kennslustund og skráð inn í mentor
Munnlegt próf - Prófað er í munnlegri færni með tilliti til framsagnar, orðnotkunar og innihalds
Endurgjöf

Símat 20%. Verkefnaskil 20%. Sagnapróf 10%. Lokapróf 50% (þar er munnlegt próf 10%)

Náttúrufræði

Kennari: Bolette Höeg Koch

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

Úr eðlisvísindum

- mæli vegalengd og ferðatíma hluta sem eru á hreyfingu, t.d. leikfangabíla, í frjálsum íþróttum, bíla úti á götu

- geti lýst bylgjuhreyfingu á vatni með því að nota hugtökin öldutoppur, öldudalur og bylgjulengd

- vinni með loft og með hluti í lofti, t.d. með blöðrur, með því að blása í rör eða að búa til mismunandi hluti sem svífa í lofti
- geri athuganir með núningskraft á mismunandi yfirborði
- geri athuganir með flotkraft mismunandi hluta
- þjálfist í að mynda og hlusta á margvísleg hljóð
- vinni einfalda útreikninga á hraða út frá eigin gögnum
- geri athuganir sem sýna styrk hljóðs, t.d. með því að skoða titring í hátalara
- vinni með hluti eins og vindu, tannhjól og skáflöt og skoði hvar þeir koma fyrir og nýtast í daglegu lífi
- þekki að andrúmsloftið er samsett úr nokkrum efnum

Úr jarðvísindum

- fjalli um eldvirkni og jarðhræringar á Íslandi og geri sér grein fyrir orsökum, mögulegum afleiðingum
- tengi myndun Íslands við gróft jarðsögulegt tímatal
- þekki í grófum dráttum kenningar um þróun landsins frá því að það reis úr hafi eftir ísöld og velti fyrir sér mögulegri þróun
- geri sér grein fyrir að reikistjörnurnar snúast í kringum sólina eftir sporbaug líkt og jörðin
- geri sér grein fyrir því hverjar eru helstu ástæður breytilegs veðurfars á jörðinni
- þekki myndunarsögu Surtseyjar
- skoði og fjalli um hvernig steingervingar myndast, í heimabyggð, á jörðinni
- þekki þá tækni sem beitt er við aldursákvæðanir á jarðlögum
- tengi sjávarföll við sólina og togkraft tunglsins
- þekki einkenni helstu jarðsögutímabila á jörðinni
- rannsaki og beri saman mismunandi jarðveg með tilliti til kornastærðar og dreifingar, s.s. ármöl, sjávarmöl, foksand, mold
- skoði jarðmyndanir í heimabyggð og þekki myndun þeirra, s.s. landmótun, setlög, malarnámur, hraun, eldstöðvar
- geri sér grein fyrir hringrás vatns í umhverfi sínu
- geri sér grein fyrir mikilvægi lofthjúpsins fyrir lífríki jarðar og þekki í því sambandi hugtökin ósonlag og gróðurhúsaáhrif
- vinni við líkön sem sýna, stærð jarðar og reikistjarna, fjarlægð þeirra frá sólu
- ræði um margvíslegar breytingar sem verða á yfirborði jarðar við náttúruhamfarir; eldvirkni, jarðskjálfta, flóð og vinda
- þekki orsakir jarðvegseyðingar og úrræði
- þekki mótunaráhrif jökla og áa á landslag og tengi við jarðsögu Íslands

Úr lífvísindum

- þekki íslenskar trjategundir og helstu innflutt skógartré
- geti flokkað lífverur í, framleiðendur, neytendur, sundrendur og lýst mikilvægi hvers fyrir sig
- þekki hvaða eiginleikar auka lífslíkur lífveru og hverjir ekki með tilliti til mismunandi eiginleika í sama umhverfi, t.d. hvít/dröfnótt rjúpa
- þekki alla íslenska ferskvatnsfiska og hvernig þeir hafa borist til Íslands
- þekki að frumur eru byggingareiningar lífvera, m.a. með skoðun í smásjá
- geri athuganir í ferskvatni og kanni mismunandi þætti, lífríkið, fæðukeðjur, áhrif umhverfisþátta, s.s. birtu, hita, botnagerðar og framburðar, áhrif mannsins

Námsmarkmið skólans

Allir: Kynnist nánasta umhverfi. • Læri um hringrásir • Læri að bera virðingu fyrir umhverfinu • Læri að flokka rusl, og skilji af hverju það er gert • Læri um ferskvatn • Æfi sig í notkun smásjár • Kunni að safna sýnum í vatni og á landi. • Kunni að vinna verkefni með • Þekki til ljóstillífunar bæði á landi og í vatni. • Kunni að skoða sýni í smásjá og víðsjá. • Læri um kraftar • Kunni að framkvæma einfalda tilraun • Læri um hljóð • Læri um sólkerfið • Læri um landmótun • Þekki til mengunar bæði í lofti og í vatni í heimabyggð. • Þekki til endurnýjanlegra orkulinda. • Þekki birki, eini og víði. • Þekki Þjóðskóginn. • Noti efni úr skóginum til úrvinnslu. Taki tillit til samnemenda sinna og skoðanna þeirra

6.-7.bekkur: -Taki upp kartöflur, Kunni að skrifa skýrslu, Kunni helstu hlutverk og einkenni mannslíkamans.

Kennsla og verkefnavinna í vetur mun miðast við að tengd viðfangsefni verði tekin fyrir í mismunandi námsgreinum á svipuðum tíma. Leitast verður við að nota og tengja útisvæðið við skólann við kennsluna.

Námsgögn

Grunnbækur: Lífríkið í fersku vatni, Auðvitað 2, Verklegar æfingar, uppsláttarrit og vefsíður

Kennsluaðferðir

Bein kennsla - farið er yfir atriði úr námsefninu, oftast fyrir allan bekkinn í einu.

Kennarinn útskýrir á meðan nemendur hlusta og taka ef til vill glósur.

Heildstæð verkefni - Sama efni er tekið fyrir í mörgum námsgreinum um leið og þannig kynnast nemendur viðfangsefninu frá mörgum mismunandi sjónarhornum.

Heimildarvinna - Nemendur leita sér heimilda í bókum og á netinu sem þeir nota við lausn verkefna.

Hópverkefni - Mikil áhersla er lögð á að nemendur ræði saman og finni sameiginlega lausn.

Sýnikennsla - Kennarinn sýnir réttu vinnubrögðin, nemendurnir fylgjast með og leika síðan eftir.

Umræður - Umræður í bekknum um viðfangsefnið hverju sinni þar sem kennarinn ásamt nemendum taka virkan þátt.

Upplýsingartækni - Nemendur nota vefsíður í upplýsingaleit og skrifa verkefni í Word.

Verklegar æfingar - Verklegar æfingar felast í því að auka þekkingu nemenda með því að láta þá glíma við verkefni úti eða við tilraunir inni í stofu.

Vettvangsferðir - Ferðir verða farnar í tengslum við önnur fög og þróunarverkefnið í Þjórsárdal.

Námsmat

Sjálfsmat -Nemendur safna verkefnum sínum saman og fá síðan sjálfir að velja þau bestu úr. Þau verða svo metin í samstarfi við kennara.

Vettvangsathuganir - Metið er hvernig nemendur vinna úr upplýsingum fengnar við vettvangsathuganir. Eins er metið hvernig gekk að vinna að upplýsingasöfnun.

Vinnubók - Nemendur taka saman öll verkefni í vinnubók sem síðan er metin með tilliti til innihalds og snyrtimennsku.

Mat á frammistöðu í tímum - Virkni, þátttaka og hegðun er metin eftir hverja kennslustund

Munnlegt próf - Prófað er í munnlegri færni með tilliti til framsagnar, orðnotkunar og innihalds

Skriflegt próf - Prófað er skriflega úr námsefninu

Sjálfstæð verkefni - Metið er hvort og hvernig gangi þegar nemendur þurfi að vinna sjálfstætt við verkefni

Símat 20%. Verkefnaskil 30%. Lokapróf 50%

Trúarbragðafræði

Kennari: Kjartan Halldór Ágústsson

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Námsmarkmið skólans

Þar sem samkennd er í 5.6. og 7. bekk verður ekki lagt upp með þær kristnifræðibækur sem kenndar hafa verið að undanfögnu. Samhliða kristinfræði verður fjallað um trúarbrögð almennt og siðfræði. Nemendur kynnist og þekki helstu trúarbrögð og vinni verkefni þeim tengd. Kristinfræðin fléttast inn í lífsleikni með efni sem tengist sáttfýsi og fyrirgefningu og gildi þessa, bæði trúarlega og í samskiptum manna á milli. Samþætt er við íslensku með kynningu á Hallgrími Péturssyni í umfjöllum um Passíusálma og ævi Hallgríms. Nemendur vinna verkefni sem tengjast báðum greinum. Verkefni verða tengd við íslensku og listgreinar til að nemendur kynnist því hvernig listamenn hafa túlkað píslir og dauða Jesú í myndlist, tónlist og bókmenntum og fái tækifæri til eigin listsköpunar.

Kennsluáferðir

Bein kennd

Fyrirlestrar

Heildstæð verkefni

Hópverkefni

Námsleikir

Umræður

Vinnubókarkennd

Námsmat

Vinnubók, mat á frammistöðu í tímum, ritgerð

Saga

Kennari: Kjartan Halldór Ágústsson

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Heimsálfur tengjast

Nemandi á að

- þekkja til landkönnunarferða á miðöldum og ýmissa samfélagsbreytinga sem komu í kjölfar þeirra

Ísland og umheimurinn fram til 1800

- hafa kannað nokkra valda þætti úr Íslandssögunni og borið saman við grannlöndin

- þekkja tengsl Norðurlanda fram til um 1800, einkum ríkjatengsl og sameiginlegan trúararf

- þekkja til valinna þátta úr sögu þeirra landa og landsvæða utan Norðurlanda sem

Íslendingar hafa átt í samskiptum við, einkum Bretlandseyja, og dæmi um þau samskipti

- þekkja hvernig Norðurlöndin tengdust

- hafa kynnt sér stjórnunartengsl Íslands og Danmerkur og velt þýðingu þeirra fyrir sér

- hafa innsýn í kynni Íslendinga af öðrum hlutum heims fyrir 1800

Rýni

- hafa sett sig inn í líf og kjör einstaklinga á tímabilinu, óskir og vonir, og leitast við að meta þetta út frá forsendum hvers tíma

- geta velt fyrir sér tengingum í námsefninu og leitað að þráðum og samhengi

- hafa fengist við heimildarýni, einkum áreiðanleika og gildi heimilda

- hafa tamið sér að leita að upplýsingum sér til gagns og ánægju um það sem er á dagskrá í sögunámi – á bókasafni, á Netinu, með sambandi við jafnaldra heima og erlendis og á fleiri vegu

- hafa vanist mismunandi leiðum við að tjá söguþekkingu sína og -skilning og kunna að velja á milli þeirra, svo sem í rökræðu og frásögn, í ritgerð og á Netsíðum, á myndrænan hátt og með leikrænni tjáningu

Námsmarkmið skóla

Er að varpa ljósi á íslenskt samfélag frá landnámi til loka miðalda. Annars vegar er gerð grein fyrir myndun og þróun íslensks samfélags í réttri tímaröð. Hins vegar eru tilteknir þættir samfélagsins teknir fyrir og þeir útskýrðir. Tenging er við nærsamfélagið og sögustaði innan sveitar. Efnið er fléttað saman með þeim hætti að nemendur fái tilfinningu fyrir framvindu sögunnar um leið og þeir átti sig á samhengi tiltekinna samfélagsþátta.

Námsgögn

Sögueyjan 2., Frá Róm til Þingvalla og ítarefni.

Kennsluaðferðir

Hlutverkaleikir, leikræn tjáning, bein kennsla, umræður.

Námsmat

Símat, verkefni og frammistaða í tímum.

Landfræði

Kennari: Kjartan Halldór Ágústsson

Nemandi á að

Kort og myndir

- kunna að lesa og túlka kort, loftmyndir og önnur landfræðileg gögn, hvort sem er í bókum eða tölvum
 - geta notað kortabækur, kort og hnattlíkön til upplýsingaöflunar og hafa skilning á helstu litum, táknum og hugtökum þar að lútandi
 - þekkja helstu tákni sem notuð eru í veðurlýsingu
 - þekkja höfuðáttirnar fjórar, tvo undirflokkka þeirra og hvernig þær tengjast skiptingu hrings
- ## Svæði
- þekkja valda landfræðilega þætti Íslands,
 - þekkja þróun búsetu í eigin heimabyggð og mismunandi notkun lands og bygginga og geta borið saman við það sem gerist annars staðar
 - þekkja örnefni stjórnsýslueininga í heimabyggðinni (s.s. borgar, sýslu, hrepps og bæjar)
 - geta útskýrt ýmis tilefni þess að fólk ferðast og flytur milli staða
 - þekkja til helstu náttúruauðlinda, atvinnuvega, búsetumynsturs, samgöngutækja og lífnaðarháttanna fyrr og nú
 - þekkja hvernig náttúran skapar sýbreytilegar aðstæður
 - átta sig á hvernig menn móta umhverfi sitt, mikilvægi náttúruverndar og nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála
 - þjálfast í að sækja landfræðilegar upplýsingar í gagnasöfn
 - vinni leiðarlýsingu út frá korti í stórum mælikvarða (t.d. 1:25 000 eða 1:50 000) af heimabyggðinni
 - læri að lesa úr hæðarlínum á korti í stórum mælikvarða, lýsa landslagi og nota hugtök eins og hlíð, dalur og halli og lýsingarorð eins og brattur og aflíðandi
 - læri að nota tvo undirflokkka höfuðáttanna fjögurra í frásögn, t.d. norðnorðvestur, og tengja þá við skiptingu hrings
 - þekki á Íslandskorti nöfn og legu landsfjórðunganna, stærstu þéttbýlisstaða, helstu ár, jökla, firði, flóa og fjöll
 - geti rakið á korti eða myndum upptök vatnsfalls í heimabyggð, vatnasvið þess og farveg til ósa
- ## Landafræði Íslands
- átta sig á því að náttúruöflin eru stöðugt að mynda og móta landið og hafa áhrif á búsetu manna
 - þjálfist í að lýsa helstu landfræðilegu einkennum hvers landshluta, s.s. landslagi, gróðurfari og veðurfari
 - kannist við helstu hafstrauma umhverfis landið og einkenni sjávarfalla
 - verði fær um að greina hvað er líkt og hvað ólíkt í heimabyggðinni og öðru byggðarlagi, s.s. með tilliti til landbúnaðar, veðurfars, bygginga og samgangna
 - kynni sér auðlindir og atvinnulíf í heimabyggð sinni og landshluta og sé fær um að bera það saman við landið í heild
 - ígrundi hvort eitthvað í umhverfi hans þurfi sérstakrar verndunar við
 - kynnist íslenskum náttúruminjum og náttúruvættum
 - fjalli um ferðamannastaði á Íslandi, s.s. eftir hverju ferðalangar eru að sækjast þegar þeir fara um landið
 - þekki hvernig landslag í nágrenninu hefur áhrif á lofthita og vindafar
 - þekki hvernig byggð dreifist um landið og helstu ástæður þess

- átti sig á af hverju vegir liggja ekki alltaf stystu leið á milli þeirra staða sem þeir tengja
- kunni skil á þeim atvinnugreinum sem mynda undirstöðu íslensks atvinnulífs
- afli sér upplýsinga um íslenskar náttúruauðlindir og hvernig þær eru nýttar
- átti sig á áhrifum nýtingar tiltekinnar náttúruauðlindar í heimabyggðinni á umhverfið þar
- ræði um breytingar á nánasta umhverfi sínu með sjónarmið náttúruverndar í huga

Námsmarkmið skólans

Um er að ræða samkenndu og verður yfirferð því að mestu leyti sama hjá 5.- 7. bekk. Sum verkefni verða sameiginleg fyrir alla en önnur misþung eftir aldri. Þá verða kröfur stigvaxandi eftir aldri. Elstu nemendur koma einnig til með að nota ítarefni til að dýpka skilning og tök á efninu

Kennsluáferðir

Bein kenndu, heimildavinna - unnið með heimildir úr bókum og af neti.

Hópverkefni - nemendur vinna saman í tveggja til fjögurra manna hópum.

Kannanir –

Námsleikir

Spurnaraðferðir

Umræður - Nemendur og kennari taka virkan þátt í umræðum um tiltekið efni jafnóðum og farið er yfir námsefnið.

Upplýsingartækni - Nemendur nota sér tölvutækni með ýmsu móti, bæði til vinnslu verkefna og notkunar á netinu.

Viðfangsefni tengd daglegu lífi

Námsmat

Kannanir -Stuttar kannanir verða lagðar fyrir til að athuga þekkingu nemenda á því námsefni sem nýlega hefur verið farið yfir.

Mat á frammistöðu í tímum - Hegðun, frammistaða og ástundun nemenda er skráð reglulega.

Skriflegt próf. Vinnubók - Nemendur vinna flest verkefni í vinnubók og er hún tekin og metin með tilliti til frágangs og vinnu.

Ritgerð og/eða gerð veggspjalda, bæklinga eða kynningar á tilteknum þáttum.

Upplýsingatækni

Kennari: Bente Hansen

Tölvunotkun – að nemendur:

Beiting tölvu -

- hafa notað margmiðlunarefni til að bæta við eigin þekkingu og til skemmtunar

- hafa sett upp margþætt skjöl í ritvinnslu

- hafa unnið sjálfstætt og markvisst að öflun og úrvinnslu upplýsinga með upplýsingatækni og miðlað þeirri þekkingu til annarra á sama hátt

Tölvulæsi

- geta geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulegum hætti

- hafa náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborði, tileinkað sér blindskrift og rétta líkamsbeitingu
- geta beitt þeim leitaráðferðum sem algengustu tölvukerfi bjóða upp á
- Viðhorf
- hafa mótaða skoðun á gildi tölvutækni við upplýsingaleit og þekkingaröflun
- hafa skilning á siðferðilegri ábyrgð sinni við framsetningu efnis á vef og sambærilegum miðlum, svo sem tölvuráðstefnum og í tölvupósti

Námsgögn

- Word, power point og Publisher. Ritþjálfari, verkefnahefti. Kennsluefni af Netinu. Photostory. Monkey Jam

Kennsluáðferðir

Bein kennsla, heildstæð verkefni, hópverkefni, námsleikir, ritun, sýnikennsla, umræður.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum. Einkunn gefin í lok annar.

Tónmennt

Kennari: Stefán Þorleifsson

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Nemandi á að geta

- leikið á algengustu skólahljóðfæri
- geta búið til hljóð- og tónverk á skólahljóðfæri og óhefðbundna hljóðgjafa
- geta leikið einföld hrynmynstur af blaði
- þekkja G-lykil, nótnastreng, línur og bil, endurtekningarkerki, lokastrík, áherslu og taktboða
- geta sungið fjölbreytt lög sem gera auknar kröfur um stjórnun á tónhæð (breiðara raddsvið), skýran textaframburð, hendingarmótun og öndun
- geta sungið einrödduð keðjusöngslög og einfaldar tvíradda útsetningar
- geta fylgt stjórnanda
- þekkja valin íslensk sem og erlend tónskáld og tónverk þeirra
- þekkja helstu hljóðfæri og hljóðfæraflokka í sjón og eftir heyrn og vita hvernig þau mynda tón (slagverks-, blásturs-, strengja- og hljómborðshljóðfæri)
- geta heyrt, greint og tjáð sig um mismunandi stíltegundir sönglaga og raddverka frá ólíkum menningarsvæðum og tímabilum.

Námsmarkmið skólans

Tónmennt tengist á einn eða annan hátt flestum viðburðum skólans s.s. árshátíð, afmælishátíðum og aðra hátíðardaga og stundir þar sem nemendur koma fram. Kórstarf styður undir þátttöku á þessum dögum og þjálfar nemandann í flutningi tónlistar fyrir áheyrendur. Allir nemendur í 4.-7. bekk hafa kór á stundatöflu.

Námsgögn

Ýmis tóndæmi, verkefni og skólahljóðfæri.

Námsmat

Kannanir, sjálfstæð verkefni, frammistaða í kórstarfi bæði innan og utan skóla og í kennslustundum.

Textílmennt

Kennari: Bolette Höeg Koch

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Fagurfræði og rýni - Skynjun/greining/mat

- gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni
- geta fjallað um fagurfræðilegt og hagnýtt gildi handverks, bæði í eigin verkum og annarra

- geta rökstutt fagurfræðileg sjónarmið í eigin verkum

Fagurfræði og rýni - Sköpun/túlkun/tjáning

- geta nýtt sér fagurfræðileg sjónarmið (liti, form) við eigin sköpun
- nýta sér fagurfræði á meðvitaðan hátt við textílvinnu sína

Lögmál og aðferðir - Skynjun/greining/mat

- hafa öðlast þekkingu á vefjarefnafræði
- nota hugtök og heiti sem unnið hefur verið með
- þekkja helstu eiginleika náttúru efna og nokkurra gerviefna
- kunna skil á framleiðsluferli helstu textílefna (ofin, þrjúnuð o.þ.h.)
- geta endurmetið hugmynd og/eða verk á öllum stigum vinnuferlisins

Lögmál og aðferðir - Sköpun/túlkun/tjáning

- geta nýtt sér nokkrar vinnuaðferðir greinarinnar í einföldum útfærslum, s.s. vefnað, saum, þrjúnuð, hekl, þrykk, tóvinnu

- geta unnið eftir fyrirmælum frá kennara

- geta beitt einföldustu áhöldum greinarinnar

- gera sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut

- geta nýtt sér aðferðir og vinnulag textíla

- hafa kynnst notkun tölvu í tengslum við textílvinnu

- þekkja og geta beitt helstu áhöldum og vélum greinarinnar

- geta unnið eftir skriflegum leiðbeiningum og notað handbækur

- geta gert skissur af einföldum hlut

Sögulegt og félagslegt samhengi - Skynjun/greining/mat

- þekkja dæmi um íslensk textílverk

- gera sér gróflega grein fyrir að hvert tímabil hefur sín einkenni

- geta leitað sér upplýsinga um textíla og textílvinnu

- geta sýnt fram á þekkingu á sérkennum og tengslum íslenskrar textíliðju heimilisiðnaðar og handverks

Námsmarkmið skólans

Þjálfari hönnun og útfærslu eigin hugmynda. • Endurnýti notaðan fatnað • Læri að sníða • Saumi flík • Noti tauliti til skreytinga • Þjálfist í að taka mál af líkama • Þekki og geti beitt helstu áhöldum og vélum • Geti unnið eftir skriflegum leiðbeiningum og handbókum • Hafi kynnst notkun á tölvum við vinnu í textílmennt • Þekki helstu

eiginleika náttúruafna • Noti hugtök og heiti sem unnið er með í námsgreinunum • Geti rökstutt fagurfræðisjónarmið • Geri sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni • Fáí áhuga á verkmenningu, listum og öðrum menningarverðmætum • Fáí áhuga á þroskandi tómstundastarfi • Geti notað efni úr skóginum í handverk • Taki tillit til sammemenda sinna og skoðanna þeirra

Kennsla og verkefnavinna í vetur mun miðast við að tengd viðfangsefni verði tekin fyrir í mismunandi námsgreinum á svipuðum tíma. Leitast verður við að nota og tengja útisvæðið við skólann við kennsluna.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla - farið er yfir atriði úr námsefninu, oftast fyrir allan bekkinn í einu.

Kennarinn útskýrir á meðan nemendur hlusta og taka ef til vill glósur.

Fræðslumyndir - Myndir sem nemendur horfa á og tengjast námsefninu.

Heildstæð verkefni - Sama efni er tekið fyrir í mörgum námsgreinum um leið og þannig kynnast nemendur viðfangsefninu frá mörgum mismunandi sjónarhornum.

Hugmyndavinna - Nemendur hanna og teikna snið og mynstur sem þeir framkvæma síðan

Sköpun - Nemendur útbúa stykki sem þeir hafa sjálfir hannað

Sýnikennsla - Kennarinn sýnir réttu vinnubrögðin, nemendurnir fylgjast með og leika síðan eftir.

Umræður - Umræður í bekknum um viðfangsefnið hverju sinni þar sem kennarinn ásamt nemendum taka virkan þátt.

Verklegar æfingar - Verklegar æfingar felast í því að auka þekkingu nemenda með því að láta þá glíma við verkefni úti eða við tilraunir inni í stofu.

Sýningar - Verk nemenda eru lögð fram til sýningar nokkrum sinnum á ári.

Vettvangsferðir - Ferðir verða farnar í tengslum við önnur fög og þróunarverkefnið í Þjórsárdal.

Námsmat

Sjálfstæð verkefni - Metið er hvort og hvernig gangi þegar nemendur þurfi að vinna sjálfstætt við verkefni.

Mat á frammistöðu í tímum - Virkni, þátttaka og hegðun er metin eftir hverja kennslustund.

Sjálfsmat - Nemendur meta verkin sín.

Símat 50%. Verkefni 50%

Heimilisfræði

Kennari: Lilja Loftsdóttir

Unnið er eftir þrepamarkmiðum aðalnámskrár.

Námsmarkmið skólans

Áhersla er á útikennslu. Nemendur taka þátt í að vinna við framkvæmd á útiaðstöðu. Hlúa að því sem er s.s. eldstæði, göngustíg og fleira. Vinna sem allir bekkir skólans taka þátt í

og er hver hópur látinn hafa verkefni við hæfi. Við matreiðum á eldi og á gasi og notum til þess potta, pönnur, ketil, greinar og önnur þau verkfæri sem til eru. Í umhverfinu má finna ýmsar jurtir sem nýta má og er markmiðið að skoða þær og nýta. Kartöflur og kryddjurtir ræktum við á staðnum og nýtum þær. Samþætting er alltaf höfð til hliðsjónar við aðrar námsgreinar. 6. og 7. bekk er kennt saman.

Kennsluaðferðir eru sýnikennsla –bein kennsla - umræður – matreitt eftir uppskriftum – vinnubókarkennsla - kannanir.

Námsgögn

Gott og gagnlegt 3 og uppskriftir sem nýtast í útikennslu hverju sinni.

Námsmat

Vinnubók metin, mat á frammistöðu í tímum, kannanir og sjálfsmat.

Hönnun og smíði

Kennari: Ingibjörg María Guðmundsdóttir

Handverk:

- Kunni að velja bor við hæfi
- Þekki helstu tré og málmverkfæri.
- Geti brýnt eigin tálguhúf.
- Hafi lært að nota mismunandi tegundir líms og viti hvað hentar hverju sinni
- Hafi notað slípi vél.
- Hafi notað leður með eða á smíðisgripi sína.
- Hafi smíðað hlut sem nýtir vélræna virkni eða tækni
- Hafi gert eigin verkáætlun

Hönnun:

- Hafi þjálfast í að rissa upp mismunandi útlitsmyndir af hlutum og velja eftir eigin mati
- Geti gert málsetta teikningu af smíðisgrip í ákveðnum mælikvarða
- Hafi smíðað hlut eftir eigin hugmynd og teikningu sem tekur mið af ákveðnu hlutverki
- Hafi rætt um eigin reynslu af tækni og tæknilausnum
- Hafi lært að virða hugmyndir annarra og gera grein fyrir eigin hugmyndum

Einstaklingur og umhverfi:

- Noti viðeigandi persónuhlífar að eigin frumkvæði
- Skilji hvers vegna ábyrg umgengni í smíðastofunni er mikilvæg og sýni hana í verki
- Hafi skilning á að velja helstu efni, sem unnið er með, út frá umhverfissjónarmiði
- Hafi lesið í form efnisins og nýtt það við gerð verkefna

Námsmarkmið skólans

Gerir verk sem byggir á sólarorku, læri tálgutækni, nýti blautan við í verkefni og geti leitað að efniviði í náttúrunni eftir viðfangsefni. Nýti hönnun og nýsköpun í vinnu í öðrum greinum líka og sýni fram á kunnáttu í lausnaleit.

Verkefni í hönnun og smíði er samþætt við náttúrufræði, stærðfræði, textílmennt og heimilisfræði. Nýsköpun og umhverfismennt er stór hluti af hönnun og smíði.

Kennsluáðferðir

Bein kennsla – sýna – leiða- prófa.

Hópvinnu í ákveðnum verkefnum

Sjálfstæð verkefni sem sýni verkfærni

Umræður og hugmyndavinna.

Námsmat

Óformlegar umræður við nemanda um verkefni, notkun verkfæra og um afurð til þess að þroska innsæi nemenda á verkefnum. Umræður um markmið fléttast inn í. Kemur ekki inn í lokaeinkunn.

Leiðabók nemandans. Þar skrifar nemandi hvað hann gerði í kennslunni, hvernig honum gekk og hvað hann hyggst gera næst. Bókin lýsir vinnuferli nemandans yfir skólaárið.

Sjálfsmat nemandans þar sem nemandi metur gengi sitt í námi og hvernig verkefnið takast. Kemur ekki inn í lokaeinkunn.

Leiðsagnarmat þar sem farið er yfir verkefnið til að meta hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni við verkfæri og hegðun í smíðastofunni, verkfærni í tilteknu verkefni og vandvirkni í vinnu. Þá er einnig komið inn á iðni og afköst út frá fyrrgreindum þáttum. Lokaafurð metin og mat ritað í sýnimöppu með myndum af verkefnum.

Lífsleikni -ART

Kennarar: Bolette Höeg Koch og Lilja Loftsdóttir

Námsmarkmið skólans

Félagsfærni er hluti af lífsleikni og ART fellur undir það.

Að taka tillit til annarra. Hlusta og virða skoðanir annarra. Að vera færari í samskiptum og huga að velferð hópsins. Að vera meðvitaðri um sjálfan sig og þau áhrif sem við höfum á hvort annað. Að læra að þekkja einkenni reiði hjá okkur sjálfum. Að læra að bregðast við eigin reiði og annarra. Að efla sjálfstraust. Að taka þátt og bera ábyrgð í samfélaginu. Að nemendur geri sér grein fyrir að allir þegnar óháð kyni, litarhátti og þjóðerni hafi sama rétt. Að móta jákvæða framtíðarsýn fyrir nemendur. Að nemendur taki afstöðu til mismunandi mála sem upp gætu komið og kunna að rökstyðja skoðun sína.

Kennsluáðferðir

Hlutverkaleikir, hópverkefni, hreyfing, hugmyndavinna, leikræn tjáning, tjáning, umræður og viðfangsefni tengd daglegu lífi.

Engin próf eru tekin og engin einkunn er gefin. Námsmat er lokið/ólókið

Íþróttir

Kennari: Bente Hansen

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- tekið þátt í æfingum, útivist og leikjum sem efla sjálfsmynd, viljastyrk og áræði
- upplifað á jákvæðan hátt ástundun íþrótta, æfinga og leikja
- tileinkað sér háttvísi í leik og starfi
- fengið tækifæri til að upplifa ánægju af eigin framförum, s.s. við útfærslu flókinna hreyfinga
- lært að virða skoðanir annarra og taka tillit til mismunandi sjónarmiða

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- taki þátt í æfingum, leikjum og íþróttum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa
- beiti sköpun og tjáningu til að þjálfa snertingu, samvinnu, eftirvæntingu, jákvæða upplifun
- fái jákvæða upplifun með þátttöku í leik að eigin vali eða vali hópsins

Skynþroski - hreyfiþroski

- þjálfist í undirstöðuatriðum a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþrótta sem stundaðar eru hér á landi, s.s. handknattleiks og innihokkís (bandís), badmintons og tenniss
- þjálfist í grófhreyfingum eins og handstöðu, handhlaupi
- nái tókum á undirstöðuatriðum í einni vetraríþrótt, s.s. skautaíþrótt, skíðaíþrótt

Vitsmunþroski

- öðlist þekkingu um áhrif þolþjálfunar á hjarta og blóðrásarkerfi
- taki þátt í umræðu um heilbrigðan lífsstíl
- nái tókum á undirstöðuatriðum íslenskrar glímu og þekki helstu glímubrögð
- taki þátt í útivist, s.s. gönguferð eða helgarferð þar sem m.a. þarf að taka tillit til veðurs, fatnaðar

Námsmarkmið skólans

Hreyfing og leikir er alltaf hluti af námi nemenda í öðrum greinum. Leikur verður jákvæður þáttur sem tengist í allt nám barnanna. Kennsla í íþróttum fer fram á útivelli þegar aðstæður leyfa og það hentar námsþáttum hverju sinni. Hver hópur þreytir stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti. Nám í vetraríþróttum fer fram í nemendaferðum, s.s. skautaferð og skíðaferð. Kennsluhættir í íþróttum eru oft samofnir við hugtakakennslu í íslensku og stærðfræði og við heilbrigðan lífsstíl og hollustu í heimilisfræði.

Kennsluáðferðir

Bein kennsla, hópverkefni, leikræn tjáning, samvinnunám, sýnikennsla, umræður.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum, stöðupróf, gátlistar. Einkunn gefin í lok annar.

Sund

Kennari: Bente Hansen

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- upplifað ánægju af eigin framförum, s.s. að útfæra flóknar hreyfingar í vatni

Líkamsþroski - fagurþroski

- tekið nokkur stöðluð sundpróf til að geta metið eigin færni og líkamsstyrk, s.s. 25 m skriðsund

- tekið nokkur stöðluð sundpróf til að geta metið eigin færni og líkamsstyrk, s.s. 15 m björgunarsund, synt með jafningja (skólabaksunds fótatök)

- iðkað æfingar og leiki við mismunandi álag og eftir mismunandi þjálfunaraðferðum

- tekið þátt í styrktarþjálfun með eigin líkama og notkun mótstöðukrafta í vatni

- tekið nokkur stöðluð sundpróf til að geta metið eigin færni og líkamsstyrk, s.s. 300 m bringusund

- tekið nokkur stöðluð sundpróf til að geta metið eigin færni og líkamsstyrk, s.s. 50 m bringusund

Skynþroski - hreyfiþroski

- fengið þjálfun, með og án áhaldna, í ýmsum samsettum hreyfingum í vatni

- náð tókum á samhæfingu helstu sundhreyfinga og tengingu þeirra í eina heild, sundaðferð

- lokið námsmati í sundi fyrir 7. bekk og geta talist syndur

- fengið þjálfun í undirstöðuatriðum sundíprótta, s.s. vatnsleikfimi

Vitsmunþroski

- öðlast skilning á hættum sem leynast í og við vatn og sundlaugar

- tekið þátt í umræðum um mikilvægi sunds sem líkams- og heilsuræktar

- lært helsta orðaforða sundíprótta

- lært séreinkenni einstakra sundaðferða

- tileinkað sér helstu atriði björgunar úr vatni, s.s. leysitök í vatni

Námsmarkmið skólans

Nemendur æfa sig í fatasundi árlega til að efla þekkingu og rétt viðbrögð þeirra ef þeir falla í vatn fullklæddir - öðlast skilning á hættum sem leynast í og við vatn og sundlaugar og geti nýtt sér þekkingu sína í mismunandi aðstæðum, s.s. við ár og vötn – tileinki sér helstu atriði björgunar úr vatni.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Námsleikir

Námsmat

Stöðupróf

Gátlistar

Mat á frammistöðu í tímum

50% Próf (20% tímataka og 30% stílsund)

50% Kennaraeinkunn (hegðun, virkni og framfarir)

Einkunn og sundskírteini send heim í lok skólaárs

Umhverfismennt í öllum greinum

Markmið að nemendur

- flokki pappír, fernur, endurnýtanlegt rusl og lífrænt rusl
- tæmi pappír, sem fullnýttur er, í endurvinnsluflát
- týni rusl á skólalóðinni og nánasta umhverfi
- endurnýti pappír
- endurnýti flíkur í textílmennt
- endurnýti náttúruleg efni í hönnun og smíði
- endurnýti/geri við hluti að heiman í hönnun og smíði
- fræði foreldra og samfélagið um umhverfismennt
- fræðist um orku
- fræðist um hringrás náttúrunnar og nýti sér þekkingu sína í vinnu í skólanum

Aðferðir:

Reynt er að flétta umhverfismennt inn í sem flestar greinar en hún verður sérstaklega tekin fyrir í náttúrufræði/samfélagsfræði/hönnun og smíði/textílmennt/útikennslu. Nemendur fara í gegnum námsefni á vefnum sem er sérstaklega búið til fyrir Þjórsárskóla. Einnig verða ýmsar handbækur um umhverfismennt notaðar.